

15. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 3. mars 2000 kl. 15:00 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Magnús Stephensen, Gunnar Bragason, Ingi Arason, Ragna Halldórsdóttir, Ásmundur Reykdal og Sif Svavarsdóttir mætti á fundinn. Pétur Bjarnason og Jóhannes Pálsson, í síma.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Félagaskrá, innheimta félagsgjalda.

J.P. gerði grein fyrir innheimtu félagsgjalda sl. árs. Nokktir eiga enn óuppgert. J.P. tekur að sér að ganga eftir greiðslum frá þeim.

Fundur starfshópa, bréf til hópstjóra.

Fundur í hópi um lífrænan úrgang var haldinn í Borgarnesi 11. febrúar og tókst vel að sögn I.A. Heimsókn á heimasíðu hefur verið dræm af hálfu félagsmanna. Sif beðin að athuga hvort aðgengi að síðunni sé ekki í lagi.

Boðun aðalfundar, fréttabréf.

Staðfest að Helgi Már Pálsson og Gunnar Larsen eru tilbúnir með erindi fyrir ráðstefnuna. I.A. mun hafa samband við Friðrik Friðriksson, sorpbrennslu Vestmannaeyja að halda erindi um sorpbrennslu. Ögmundur Einarsson, lofar að hafa samband við Björn Halldórsson um að halda erindi um orkuhleif. G.B. R.H og Á.R. sjá um að senda út fundarboð aðalfundar. Rætt um efni fréttabréfs.

Dagskrá aðalfundar FENÚR 31. mars nk.

GB og Á.R. senda formlegt erindi til umhverfissráðuneytis um að umhverfissráðherra ávarpi ráðstefnu að loknum aðalfundi FENÚR og kynni m.a. nýskipaða nefnd ráðuneytisins (starfshóp) um endurvinnslu úrgangs (STENÚR) Rætt um fundarstjórn. Lagt til að Guðmundur G. Þórarinnsson verði fenginn sem fundarstjóri aðalfundar (Ögmundur Einarsson til vara) og Jóhannes Pálsson, fundarstjóri ráðstefnu að loknum aðalfundi.

Önnur mál.

G.B. R.H og Á.R. undirbúa og ganga frá möppu fyrir aðalfund. M.St. greindi frá því að hann gæfi ekki kost á sér sem formaður stjórnar FENÚR og sagðist mundu leggja til að gerð yrði tillaga um Gunnar Bragason, ef hann gæfi kost á sér.

M.St. lagði einnig til að leitað yrði eftir fjárstyrk frá fyrirtækjum og stofnunum innan FENÚR til að standa undir launagreiðslu ½ starfsmanns sem sinni markvisst áriðandi málum fyrir félagið. Lagt var til að opna þessa umræðu á aðalfundi.

Rætt var um ýmis önnur mál varðandi framkvæmd aðalfundar.

Rætt var um uppstillingu ráðgjafastjórnar. Þarf að skoðast betur og ræða á næsta stjórnarfundum.

Rætt um félagsgjald næsta árs og lagt til að það verði óbreytt frá fyrra árs gjaldi.

J.P. undirbýr ársreikning og kallar til endurskoðendur.

Ákveðið var að Magnús Stephensen, fráfari formaður flytji skýrslu stjórnar á aðalfundi.

Rætt um þáttöku í starfshópum ISWA, ákveðið að taka málið til umræðu á aðalfundi.

Næsti fundur mánudaginn 27. mars 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU.

Fundi slitið kl. 09:45

Á.R.